

# Skuldbreytingar og nauðasamningar opinberra gjalda 1999 - 2000



**RÍKISENDURSKOÐUN**  
Febrúar 2001



## **Efnisyfirlit**

Bls.

<b>INNGANGUR .....</b>	<b>5</b>
<b>LAGAHEIMILDIR .....</b>	<b>7</b>
<b>SKULDBREYTINGAR ÁRIN 1999 OG 2000 .....</b>	<b>9</b>
<b>NAUÐSAMNINGAR STAÐFESTIR ÁRIN 1999 OG 2000.....</b>	<b>11</b>
<b>YFIRLIT UM SKULDBREYTINGAR 1989 - 1998 .....</b>	<b>13</b>



## Inngangur

Samkvæmt 5. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1989 og 1. gr. laga nr. 64/1996, skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga sem gerðir hafa verið um greiðslu skattkrafna. Hér er annars vegar um að ræða heimild til skuldbreytinga opinberra gjalda skv. 3. mgr. 111. gr. og hins vegar heimild til að taka þátt í nauðasamningum skv. 4. mgr. sömu greinar.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir samningum sem gengið var frá á árunum 1999 og 2000 skv. ofangreindum heimildum.

Í fyrsta kafla skýrslunnar er vikið að lagaheimildum til skuldbreytinga opinberra gjalda. Í öðrum kafla er að finna yfirlit yfir þær skuldbreytingar sem samþykktar voru á árunum 1999 og 2000 og þau bréf er útgefin hafa verið í samræmi við heimildir fjármálaráðuneytisins. Í þriðja kafla er yfirlit um þá nauðasamninga sem fjármálaráðherra samþykkti á sama tímabili. Loks er í fjórða kafla gerð grein fyrir stöðu innheimtu þeirra skuldabréfa sem gefin hafa verið út frá miðju ári 1989 til ársloka 2000.



## Lagaheimildir

Heimild fyrir fjármálaráðherra til að samþykkja skuldbreytingu á opinberum gjöldum eða nauðasamninga er að finna í 111. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en þar segir m.a.:

*Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir skuli hljóta sams konar meðferð.*

*Telji innheimtumaður tók á að tryggja greiðslu kröfu sem ella mundi tapast með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.*

*Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:*

- 1. Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi.*
- 2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.*
- 3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.*

*Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga skv. 3. mgr. og nauðasamninga skv. 4. mgr.*

Litið hefur verið svo á að þau skilyrði sem um er rætt varðandi nauðasamninga gildi einnig um skuldbreytingar. Skv. því þarf að fullnægja þremur skilyrðum til að hægt sé að samþykkja skuldbreytingu eða nauðasamninga

Fyrsta skilyrðið lýtur að þeim aðilum sem hafa haft rekstur með höndum, en þeir mega ekki skulda virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og vörugjald. Þessum skattegundum fylgir lögum samkvæmt lokunarheimild, þ.e. heimilt er að stöðva atvinnurekstur ef vanskil verða. Það fæli í sér ójafnræði ef heimilt væri að gera samninga um lækkun krafna hjá einum gjaldanda á meðan atvinnurekstur hjá öðrum væri stöðvaður.

Annað skilyrðið er um að ekki sé hægt að semja um skuldir sem tilkomnar eru vegna endurákvörðun skattfyrivalda vegna skattsvika gjaldanda.

Að lokum er sett skilyrði um að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi. Það er háð hlutlægu mati fjármálaráðuneytisins í hverju tilviki að fengnum umsögnum innheimtumanns og Ríkisendurskoðunar.

Ástæða þess að heimild til nauðasamninga var sett inn í lögin á sínum tíma var m.a. sú að nauðasamningaleiðin var nokkuð torsótt fyrir einstaklinga utan rekstrar. Einstaklingar í greiðsluvandræðum eiga eðli máls samkvæmt erfitt með að kaupa sér sérfræðiaðstoð við nauðasamningagerð og hins vegar að innheimtumenn ríkissjóðs hafa ekki mælt með nauðasamningum. Þessi afstaða innheimtumanna byggðist á því að þeir töldu sér ekki fært að taka þátt í slíkum samningum, jafnvel þó um sé að ræða formlega nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl. Þetta var rökstutt með því að mikilvægt væri að jafnræðisregla sé virt við skattheimtu og ekki væri til að dreifa almennri lagaheimild fyrir innheimtumenn til að mæla með nauðasamningum.



## Skuldbreytingar árin 1999 og 2000

Á árinu 1999 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar erindi átta aðila vegna skuldbreytinga. Mælt var með að fallast á erindi sjö aðila en mælt gegn skuldbreytingu hjá einum aðila. Í einu tilfalli var um breytingu á skilmálum að ræða. Á árinu 2000 bárust 3 erindi sem öll voru samþykkt.

Fjármálaráðherra samþykkti skuldbreytingu hjá 10 aðilum, en þremur var hafnað, þar af voru tveir aðilar sem óafgreiddir voru í árslok 1998 og hafði Ríkisendurskoðun ekki mælt með skuldbreytingu í þessum tilvikum. Í einu tilfalli gat gjaldandi ekki uppfyllt skilyrði og í öðru leitaði gjaldandi annarra úrræða. Alls voru því gefin út 9 skuldabréf vegna 8 einstaklinga. Heildarfjárhæð opinberra gjalda sem var skuldbreytt á árunum 1999 og 2000 nam 20.639.665 krónum. Bréfin eru öll verðtryggð og bera meðaltalsvexti eins og þeir eru ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands.

Útgáfud.	Gjaldandi	Tegund gjalda	Fjárhæð	Lánst.	Tryggingar
27/05/1999	Einstaklingur	Opinber gjöld	8.607.061	8 ár	Fasteignaveð, 2. veðréttur
08/08/1999	Einstaklingur	Opinber gjöld	2.628.451	5 ár	Fasteignaveð, 4. veðréttur
24/08/1999	Einstaklingur	Opinber gjöld	1.312.590	6 ár	Fasteignaveð, 4. veðréttur
03/01/2000	Einstaklingur	Opinber gjöld	1.442.966	7 ár	Fasteignaveð, 4. veðréttur
17/01/2000	Einstaklingur	Opinber gjöld	1.996.618	8 ár	Engin trygging
28/03/2000	Einstaklingur	Opinber gjöld	1.076.484	4 ár	Engin trygging
16/08/2000	Einstaklingur	Opinber gjöld	434.480	5 ár	Fasteignaveð, 4. veðréttur
17/10/2000	Einstaklingur	Opinber gjöld	2.273.074	8 ár	Fasteignaveð, 7. veðréttur
02/11/2000	- sami -	Opinber gjöld	867.941	8 ár	Fasteignaveð, 7. veðréttur
		<b>Samtals árið 1997</b>	<b><u>20.639.665</u></b>		

Í þeim tilfellum þar sem engin trygging er liggur fyrir árangurslaust fjárnám og var því talið vænlegra að reyna að innheimta skuldina með þessum hætti í stað þess að knýja fram gjaldþrot.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun skuldbreytinga frá árinu 1994 til 2000. Fram til ársins 1998 fór fjárhæð skuldbreytinga stöðugt lækkandi. Á árinu 1997 eru þær einungis tæpur tíundi hluti af þeirri fjárhæð sem skuldbreytt var árið 1994 og 1998 voru engar skuldbreytingar. Samhliða hefur þeim sem fá skuldbreytt fækkað verulega eða úr fjórtán í einungis tvo árið 1997. Á árunum 1999 og 2000 hefur síðan orðið nokkur aukning aftur.

Ár	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Fjárh. skuldbr.	48.016.769	16.392.144	9.595.419	4.521.343	0	12.548.102	8.091.563
Fjöldi skuldara	14	6	4	2	0	3	6
Útg. skuldabréf	16	6	5	3	0	3	7

## Nauðasamningar staðfestir árin 1999 og 2000

Á árinu 1999 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar 6 erindi þar sem óskað var eftir samþykki fjármálaráðherra við nauðasamning skv. lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira. Ríkisendurskoðun var meðmælt 4 nauðasamningum en fjármálaráðuneytið samþykkti endanlega aðeins 3 nauðasamninga og námu skuldir vegna þeirra alls 5.057.067 krónum. Þar af greiddust 1.414.486 eða 28,0%

Á árinu 2000 komu einnig til umsagnar Ríkisendurskoðunar 6 erindi þar sem óskað var eftir samþykki fjármálaráðherra við nauðasamninga. Ríkisendurskoðun var meðmælt 5 þessara erinda og voru þau öll samþykkt af hálfu fjármálaráðuneytisins. Eingöngu tveir aðilar gengu frá nauðasamningum á árinu og námu skuldir þeirra 7.217.742 og greiddust upp í þær 1.340.465 eða 18,6%.

Ár	1999	2000	Samtals
Fjárhæð lýstra skattkrafna	5.057.067	6.701.130	11.758.197
Greitt skv. nauðasamningi	1.414.486	1.340.465	2.754.951
Hlutfall af skattkröfu	28,0%	20,0%	23,4%
Fjöldi frágenginna nauðasamninga	3	2	5
Fjöldi erinda til umsagnar	6	6	12
Mælt með af Ríkisendurskoðun	4	5	9

Á árunum 1999 og 2000 samþykkti fjármálaráðherra nauðasamninga hjá neðangreindum aðilum.

Afgreitt	Gjaldandi	Teg. gjalda	Fjárhæð lýstra skattkrafna	Greitt skv. samningi í %	kr.
21/06/99	Einstaklingur	Opinber gjöld	1.851.786	35	648.235
30/12/99	Einstaklingur	Opinber gjöld	2.059.978	20	422.661
26/01/00	Einstaklingur	Opinber gjöld	1.145.303	30	343.590
01/12/00	Einstaklingur	Opinber gjöld	3.910.520	20	782.104
22/12/00	Einstaklingur	Opinber gjöld	2.790.610	20	558.361
	<b>Samtals árið</b>	<b>1998</b>	<b>11.758.197</b>		<b>2.754.951</b>

Í framangreindri töflu eru ekki meðtaldir þeir nauðasamningar sem ríkissjóður er bundinn af, þó svo hann hafi ekki samþykkt þá, í samræmi við lög. Ekki liggur fyrir hve háar fjárhæðir er þar um að ræða.

## Yfirlit um skuldbreytingar 1989 - 2000

Ríkisendurskoðun hefur gefið út eftirtaldar 5 skýrslur um skuldbreytingar opinberra gjalda á ofangreindu tímabili:

Nr.	Fyrir árin	Útg. mán.	Ár
1.	1989-1990	Mars	1991
2.	1994	Ágúst	1992
3.	1992-1993	Apríl	1994
4.	1994-1996	Apríl	1997
5.	1997-1998	Febrúar	1999
6.	1999-2000	Febrúar	2001

Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar um fjárhæð og fjölda skuldbreytinga í opinberum gjöldum á nefndu tímabili og hvernig innheimta á skuldabréfunum stóð þann 1. janúar 2001.

### Staða skuldbreytingalána 1. janúar 2001

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals
Fjárh. útg. bréfa í þ.kr.	33.569	82.128	122.784	18.968	37.862	48.017	16.392	9.595	4.521	0	12.548	8.091	394.475
<b>Fj. aðila með skuldbr</b>	<b>5</b>	<b>23</b>	<b>24</b>	<b>9</b>	<b>12</b>	<b>14</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>5</b>	<b>107</b>
<b>Fjöldi útg. skuldabr.</b>	<b>5</b>	<b>25</b>	<b>21</b>	<b>11</b>	<b>12</b>	<b>16</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>113</b>
Uppgreidd bréf	4	21	18	7	8	10	1	0	0				69
Bréf í skilum					12	1	1	1	1		2	5	7
Bréf í vanskilum		1					1	4	2		1	1	10
Bréf afskrifuð	1	3	3	4	2	5	3						21

Frá miðju ári 1989 til loka árs 2000 var heimilað að greiða alls 394 m.kr. í opinberum gjöldum með skuldabréfum. Alls hafa 107 aðilar fengið skuldbreytingar með þessum hætti og gefin hafa verið út 113 skuldabréf. Þann 1. janúar 2001 voru 69 skuldabréf uppgreidd, 7 skuldabréf voru í skilum og 10 í vanskilum. Alls hafa 21 bréf verið afskrifuð að hluta eða öllu leyti.